


Biðlistar (WPF)
Ný staða
Skrá beiðni – þrískipt svæði kóða
Breyta stöðu – aðgerðardagur birtist
Nýtt stilligildi
Aðgangsstýring
Prenta
Saga 2020.3


Ný staða

Stöðunni „Óvirk“ hefur verið bætt við nýja biðlistann.



Skrá beiðni – þrískipting á svæði

Kóðum hefur verið skipt upp í þrjú svæði, „Aðgerðarkóðar“, „Greiningarkóðar“ og „Aðrir kóðar“. Einungis aðgerðarkóði getur verið aðalkóði beiðni.



Breyta stöðu – aðgerðardagur birtist

Dagsetning sem skráð er þegar stöðu beiðni er breytt er nú merkt sem „Aðgerðardagur“ í stað þess að vera merkt sem „Áætlun“.

The screenshot shows the Origo software interface. At the top, there is a toolbar with various icons, including 'Breyta stöðu' (Change status), which is highlighted with a red box. Below the toolbar is a table with columns: Kennit..., Nafn, Flokkur, Tegund, Forga..., Staða, Bið hófst, Aðgerðardagur, Sjúkli..., Deild, Innskr..., Innlögn, Tilko..., Ábyrg..., Tilvís..., Fyrir..., Til mi... The table contains several rows of data. A red box highlights the 'Aðgerðardagur' column header. A red arrow points from this header to the date '19.10.2020' in the table. Another red arrow points from the 'Aðgerðardagur' dropdown menu in the 'Breyta stöðu' dialog box to the same date in the table. The dialog box also shows options for 'Stöðubreyting' (Strax, Síðar) and 'Athugasemd' (Ástæða breytingar, ef óskað er).

Nýtt stilligildi



Búið er að bæta við nýju stilligildi fyrir Biðlista (WPF) sem er nr. 6407: „Biðlisti: Loka beiðnum eftir aðgerðardag“. Ef stilligildið er virkt þá eru biðlistafærslur deildar sjálfkrafa settar í stöðuna „Lokið“ þremur dögum eftir að skráður aðgerðardagur er liðinn. Stilligildið er upphaflega virkt á almennri deild. Ef stilligildið er virkt á almennri deild þá eru biðlistafærslur allra deilda settar í stöðuna „Lokið“ að undanskildum þeim sem hafa óvirkjað stilligildið.

Aðgangsstýring

Nýi biðlistinn er nú aðgangsstýrður. Nú sér notandi einungis þær biðlistafærslur sem tilheyra deild sem hann hefur aðgang að. Færslur eru hópaðar saman eftir deild og biðlistaflokki.

Prenta biðlistafærslu

Nú er hægt að prenta upplýsingar um biðlistafærslu með því að velja færsluna og smella á „Prenta“ hnappinn efst í einingunni eða með flýtilyklunum (Ctrl+P). Einnig er hægt að hægrismella á færslu í töflunni og velja „Prenta“



Með kveðju,

Origo Heilbrigðislausnir